

Valbjörk reisir stórhýsi.

Er langstærsti húsgagnaframleiðandi utan Reykjavíkur.

Frá fréttaritara Vísis.
Akureyri í gær.

Húsgagnaverksmiðjan Valbjörk h.f. á Akureyri er nú að reisa stórhýsi fyrir starfsemi sína og var flutt inn í nýja húsið — þann hlutann sem þegar er byggður — í lok sl. janúar-mánaðar.

Þetta er fyrsti áfangi í stórhýsi miklu, sem eigendur Valbjörkar hafa ákveðið að byggja. Er hús það, sem þegar hefir verið byggt, 71 metri að lengd, 13 metrar að breidd og 7 metra hátt með háu risi. Að flatarmáli er það um 1 þúsund fermetrar að stærð, eða 5000 rúmmetrar. Kostnaðurinn við bygginguna hefir til þessa numið um 2 millj. kr. Seinna er ákveðið að byggja hliðarbyggingu fjöggra hæða háa fyrir starfsemi fyrirtækisins. Húsið stendur á Geislagötu 28.

Húsgagnaverksmiðjan Valbjörk var stofnuð árið 1953 af sex mönnum, sem eiga fyrirtækið. Þá störfuðu þar 9 manns, en 25 nú. Fleiri myndu starfa þar í dag ef ekki væri skortur á starfslíði, einkum faglærðum mönnum.

Formaður félagsstjórnarinnar er Benjamín Jósefsson, en framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Jóhann Ingimarsson. Hann lærði húsgagnasmíði í Danmörku, en þar er þessi iðja talin hvað lengst á veg komin í Evrópu um þessar mundir. Jóhann teiknar sjálfur öll húsgögn, sem smíðuð eru, enda hefir hann fylgt vel með öllum nýngum og hefir oftlega

sígt til þess að kynna sér það, sem nýtt hefir komið fram í húsgagnasmíði. Hefir verksmiðjan frá öndverðu gert sér far um að fylgja nýjustu tísku hverju sinni í húsgagnasmíði. Um þessar mundir er einn eigendanna vestur í Bandaríkjunum og kynnir sér nýjungar í húsgagnasmíði þar. Hann er væntanlegur heim í vor.

Valbjörk mun vera langstærsti húsgagnaframleiðandi á landinu utan Reykjavíkur og hefir útsölur í Reykjavík, Akureyri, Eskifirði, Siglufirði og Ísafirði.

Á árinu sem leið greiddi Valbjörk um 900 þús. kr. í vinnulaun, og er öll vinna þar unnin í tímavinnu. Fyrirtækið hefir eingöngu nýttísku vélar til framleiðslu sinnar, enda hefir það lag kapp á að halda verði í skefjum með bættri tækni og auknum afköstum.

Mannfræðingar —

Framt. af 3. síðu.

og vandlát mjög. Því var það, að starfsaðferðir þeirra voru ákaflega ólíkar og viðfangsefni innan takmarka þessarar fræðigreinar, þótt þær gætu verið sammála í niðurstöðum sínum. Margaret Mead var knúin áfram af þreki og ákafa trúboðans til að sannfæra lesendur sína eða hlustendur um nauðsyn þess, að taka aðra og nýja afstöðu til menninga annarra þjóða. „Við höfum ekki tíma til að biðja eftir því, að aðrar kynslóðir vaxi upp. Við verðum að læra að búa með öllum öðrum þjóðum heimsins — nú þegar.“

Ruth Benedict fór hægar í sakirnar og öll rit hennar einkennast af innsýni og kröfuhörku listamannsins. Þá háði heyrnardeyfðin henni einnig og hún varð að hafa með sér túlka á rannsóknarferðum sínum eða láta sér nægja rannsóknarefni, sem aðrir höfðu safnað, en Margrét Mead var aftur á móti sjálfbjarga hvað

það snerti og lærði fljótt frumstæð tungumál.

Metsölubók
eftir dr. Mead.

Dr. Mead varð fyrri til þess að gefa út bók. Hún hét „Coming of Age in Samoa,“ og var árangur af rannsóknum hennar á Samoaeyjum. Þar sýndi hún fram á, að mörg af þeim einkennum, sem hinn siðmenntaði heimur hefur talið fylgja uppveixinum óhjálkvæmilega voru óþekkt í þjóðfélagi, sem byggt var á öðrum stöðum. Þessi bók vakti mikla athygli og varð metsölubók í Bandaríkjunum. Næsta bók hennar kom út árið 1930, „Growing up in New Guinea,“ sem byggð er á rannsóknum hennar á Admiralty-eyjum norðan Nýju Guineu, og fimm árum síðar kom út bókin „Sex and Temperament in Three Primitive Societies.“ Önnur athyglisverð rit hennar eru „And Keep Your Powder Dry, An Anthropologist Looks at America,“ er kom út árið 1942; „Soviet Attitudes Towards Authority.“ Útgefin 1950 og byggð á rannsóknum, er hún framkvæmd á stríðsárunum á vegum Bandaríkja-stjórnar. Loks má nefna „Cultural Patterns and Technical Change,“ sem gefin var út af alþjóðasambandi, er starfar að andlegu heilbrigði.

Könnun
á Indíánum.

Könnunarferðir Ruth Benedict voru affur á móti stuttar og náðu einkum til Indíanaættflokka í suðvesturhluta Ameríku. Í fyrstu bók sinni „Patterns of Culture,“ er kom út 1934, ræddi hún um eðli þjóðfélagsins og margbreytni menninga hinna mismunandi þjóða. Samstarfsmönnum hennar þótti mikið koma til þeirra tilgátu hennar — að menning sé að meira eða minna leyti samfelld rás hugsana og framkvæmda á sama hátt og hjá einstaklingnum. Það sem vakti athygli hins almenna lesanda, Lifsgleði.

var víðsýni hennar og frumleiki í hugsun og barátta hennar gegn stöðum í kenningum um mannlega hegðun. Það var eins og Boas sagði í formála að þessari fyrstu bók hennar: „Hér er lítið á hlutfallið milli hins félagslega og ófélagslega, hins eðlilega og óeðlilega, í nýju ljósi.“ Árið 1940 gaf hún út aðra bók, sem var ekki síður athyglisverð, „Race, Science and Politics.“ Á stríðsárunum vann hún við rannsóknir á vegum stjórnarinnar eins og dr. Mead, en árið 1946 kom síðasta bók hennar út, „The Chrysanthemum and the Sword,“ sem var rannsókn á hegðun Japana. Dr. Benedict var fyrsta konan, sem ráðin var prófessor við Kolumbíaháskóla, og einnig var hún forseti félags amerískra mannfræðinga.

Myndasýning í Keflavík.

S.l. sunnudag var opnuð myndasýning í Fonskaffi í Keflavík, þar sem sýnd er 21 vatnslitamynd og teikning eftir Kristín Rey, og stendur sýningin yfir til 5. apríl.

Það kemur upp úr kafinu, að myndlistarmaður þessi er kunnur undir nafninu Kristinn Pétursson, skáld, sem gefið hefir út nokkrar ljóðabækur og rekið bókaverzlun í Keflavík um mörg ár.

Allar eru myndirnar til sölu, að 2 undanteknum: „Keflavík fyrir 100 árum“ (gjöf til Keflavíkurbæjar) og „Hugmynd að skjaldarmerki Keflavíkur“ (er einkaeign). Nöfn nokkurra hinna myndanna eru sem hér segir: Steinfuglinn, Vatnsnes án vita, Bátar í svefni, Bræðslan og gúanóíð, Við skilnings-tréð, Þorbjörn, Morgunleikfimi, Póstháturinn, Skemmstur sólargangur, Kópernikus og Lifsgleði.

Húsgagna- og listmuna-sýning opnuð í dag.

Af henni verða valdir munir á sýninguna í München í sumar.

„Húsgögn 1961“ nefnist sýning á húsgögnum og listiðnaði, sem félag húsgagnaarkitekta opnar á Laugavegi 26 í dag, þrefalt stærri en félagið hélt í fyrsta sinn um páskana í fyrra og að því leyti fjölbreyttari, að nú er tekið með fleira, svo sem keramik, smelti, silfurmunir, vefnaðarvara, veggteppi, gólfteppi og ullariðnaður frá verksmiðjum.

Á sýningargólfinu verða 34 sýningarbásar. Húsgagnasýndur eru alls 20, þá eru sýnd veggteppi og vefnaður eftir Barböru Árnason, Ásgerði Ester Búadóttur og Guðrúnu Jónasdóttur og Ragnheiði Jónsdóttur, silfurmunir eftir Ásdísi Sveinsdóttur, Halldór Kristins-son, Jens Guðjónsson, Jóhannes Jóhannesson (listmálara, sem heldur málverkasýningu í Lista mannaskálanum um þessar mundir) og Reyni Guðlaugsson. Keramik er þarna frá Glit h.f. eftir Ragnar Kjartansson og Steinunni Marteinsdóttur, sem ekki hefir sýnt hér áður, en er nýkomin frá Berlín, þar sem hún hefir lært þessa list og kemur með nýjungar í keramik inni. Smeltimuni sýna Sigrún Gunnlaugsdóttir og Jóhannes Jóhannesson (málari) húsgagnaáklæði og væðarvoðir sýna Álafoss, Gefjun og Últíma, og Iðunn sýnir skinn.

Af sýningu þessari verða valdir munir á hand- og listiðnaðarsýninguna í München í sumar, en vörsýninganefnd hefir falið Félagi húsgagna-naungann klædd einkennisbúningi Rauða. krossins. Skilst yður nú hvers vegna er hingað komin?“

arkitekta að sjá um þátt Íslands í þeirri sýningu, sem Ísland hefir einu sinni áður tekið þátt í, og hlaut þá Ásgerður Ester Búadóttir gullpening fyrir ofnu myndina, Kona með fugl. Á sýningunni í sumar fær Ísland 40—50 ferm. sýngarsvæði.

Sýningin á Laugavegi 26 verður opnuð kl. 18 í dag og stendur í 10 daga, opin virka daga kl. 14—22, en helgidaga kl. 10—22.

Sýningarnefnd skipa: Hjalti Geir Kristjánsson formaður, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson og Kjartan Á. Kjartansson, en stjórn félagsins skipa Hjalti Geir, Helgi Hallgrímsson og Árni Jónsson.

Kardimommubærinn sýndur í 65. sinn við húsfylli.

Kardimommubærinn var sýndur í 65. sinn í Þjóðleikhúsinu sl. sunnudag, enn v'ð húsfylli, og mun það vera metaðsókni að leikriti hér.

Nú fer sýningum að fækka á þessu vinsæla leikriti, þar eð ekki verður hægt að koma fyrir nema fáum sýningum í viðbót í Þjóðleikhúsinu vegna annarra verkefna. Næsta sýning á Kardimommubænum verður n. k. fimmtudag.

Höfundur leikritsins, Thorbjörn Egner, hefir verið boðið hingað og er hann væntanlegur til landsins í næsta mánuði.

Sýning á frönskum málverkaprentunum.

Verðir í bogasalnum 1.-10. apríl

Alliance Française gengst fyrir sýningu á eftirprentunum á frönskum málverkum. Verður sýningin opnuð í bogasal Þjóðminjasafnsins laugardag 1. apríl, fyrir gesti kl. 2, og fyrir almenning kl. 4, og verður aðgangur ókeypis.

Hér er um að ræða eftirprentanir á málverkum, sem teljast meðal frægustu málverka Frakka allt frá síðustu aldamótum. 30 málara eiga þar 98 málverkaeftirprentanir, og má m. a. nefna: Mannamyndir eftir Picasso, blómamyndir eftir Dufy, landslagsmyndir eftir Derain, uppstillingamyndir eftir Braque, Matisse, Juan, Gris, nokkrar dýramyndir eftir Jean Lurcat, einnig flörlíði eftir Buffet. Enn má nefna trúðamynd, borgamyndir, frá París, New York og Feneyjum, eftir hinn síðast nefnda. Sýningin mun standa til 10. apríl. Allar myndirnar eru til sölu. Eitt ein-

tak er af hverri mynd, en menn geta líka látið skrá sig sem pantendur að myndum. Myndirnar, sem eru á sýningunni, eru innrammaðar. Þess skal getið, að sýningin verður lokað á páskadag.

Alliance Française var sem kunnugt er stofnað fyrir aldamótin síðustu til þess að útbreiða þekkingu á franskri tungu og menningu og er al-kunugt hve Alliance Française hér hefir innt mikið starf af hendi. Franska stjórnin hefir haft hér sendikennara við Háskólann um fjölda mörg ár og í samstarfi við hann hefir A.F. haldið uppi kennslu í frakknesku fyrir byrjendur og lengra komna o. s. frv. — Stjórn félagsins skipa: Magnús Jochumsson forseti, Björn L. Jónsson varaforseti, Magnús Jónsson, Jón Helgason og Jóhann Ágústsson.

Flóttakona —

Frh. af 3. síðu:

falla um það, að þess vegna hefði hún ekki e. t. v. þurft að flýja.

Gamli maðurinn frá Schwerin.

„En það er þess vegna, sem eg er hér,“ sagði hún. „Eg gat ekki farið eftir þessum fyrirmælum. Það kom gamall maður frá Schwerin og eg veitti honum dálitla hjálp. Eg gaf honum tvær brauðsneiðar, smurðar með mínu eigin smjöri. Hann ætlaði að komast til dóttur sinnar í Bayern. Þeir höfðu tekið bújörðina hans og allt sem hann átti vegna samyrkju-áformanna. Alþýðulögreglan handtók hann áður en hann komst til landamæra. Hann jataði í allri einlægni, að hann hefði ætlað að flýja vestur fyrir landamærin. Í vasa hans fundust tvær smurðar brauðsneiðar. Um þær var vafið fréttablað úr bænum sem eg átti heima í. Og hann var spurður spjörumum úr. Hver hafði gefið honum þetta? Jú, Rauða kross aðstoðarkona. Og þeir fundu hana — mig. Mér var sagt, að eg hefði framið afbrot — veitt flóttamanni aðstoð. Þeir spurðu hvort eg hefði ekki lesið fyrirmælin? Nú mætti eg vita afleiðingarnar. — Afleiðingar þess, að vilja ekki njósna um